

Umhverfis- og mannvirkjaráð Akureyrbæjar
Formaður Ingibjörg Ólóf Isaksen
Geislagata 9
600 Akureyri

Akureyri 18. janúar 2018

Vegna: Kolefnishlutlaus Akureyri og þátttaka Akureyrarkaupstaðar í Compact of Mayors

Bæjarstjóri Akureyrar Eiríkur Björn Björgvinsson skrifaði undir, í desember 2015 í París, í tengslum við COP21 svokallaða Compact of Mayors yfirlýsingu.

Compact of Mayors, er sameiginleg yfirlýsing borgarstjóra um heim allan um vilja sinn til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, styrkja viðnámsþol gegn loftslagsbreytingum, birta tölulegar upplýsingar um frammistöðu viðkomandi borga í loftslagsmálum og setja markmið um enn betri frammistöðu.

Compact of Mayors var formlega hleypt af stokkunum á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP20) í Líma í Perú í desember 2014. Tilgangurinn með átakinu er fyrst og fremst að stuðla að skráningu og birtingu loftslagsupplýsinga, en einnig að vekja athygli á aðgerðum borga í loftslagsmálum og mikilvægi þeirra. Upplýsingum um frammistöðu borganna er safnað á kerfisbundinn, staðlaðan og gagnsæjan hátt og þær gerðar öllum aðgengilegar á einum stað á vefsíðum átaksins.

Akureyrarkaupstaður er eitt þriggja sveitarfélaga á Íslandi sem gerst hafa aðilar að Compact of Mayors. Hin eru Reykjavíkurborg og Hveragerðisbær. Öll aðildarsveitarfélögin eiga það sameiginlegt að vilja vera í forystu í loftslagsmálum, vilja stuðla að fjárfestingum opinberra aðila og einkageirans í loftslagsvænum lausnum og styðja við metnaðarfullt samstarf svæða í anda sjálfbærrar þróunar. Með þessu vilja sveitarfélögin sýna fram á að staðbundnar aðgerðir geti haft marktæk áhrif á heimsvísu.

Með aðild sinni að Compact of Mayors hefur Akureyrarkaupstaður m.a. skuldbundið sig til að gera árlega grein fyrir kolefnislosun bæjarins. Útreikningur á kolefnisspori í eigin starfsemi sveitarfélagsins er fyrsta skrefið í þessa átt, en í framhaldinu þurfa útreikningarnir að spanna allt landssvæði sveitarfélagsins. Einnig þarf að kortleggja þau svæði í sveitarfélaginu sem eru viðkvæm fyrir loftslagsbreytingum.

Vistorka hefur aðstoðað bæjarstjóra við að koma verkefninu í gang en nú er verkefnið komið á þann staða að setja þarf fjármuni í að kaupa ráðgjöf og stýra þeirri vinnu sem framundan er. Erindi þetta til UMR er því hvatning til sveitarfélagsins um að vinna við þetta verkefni fari af stað sem allra fyrst.

Vefslóð verkefnisins: <https://www.globalcovenantofmayors.org/>

Vefslóð fyrir Akureyri: <https://www.globalcovenantofmayors.org/cities/akureyri/>

Virðingarfyllt
Guðmundur Haukur Sigurðarson
Framkvæmdastjóri Vistorku ehf.